

5. gr.

Eigi skal endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á ökuritum er notaðir eru sem þungaskattmælar. Ákvæði þetta tekur til ökurita þeirra ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., með síðari breytingum, í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahags-svæðisins.

Eigendur ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 fá ekki endurgreiddan útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á öðrum ökumælum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu olúgjalds til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt olúgjald af gas- og dísilolíu sem gjaldskyld er samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráning-arkerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.